


Skólablaðið **BUNAN**

Útgáfuár 2018 - 25. árgangur - 1. tölublað



Kæru Eskfirðingar

Á haustmánuðum var ákveðið að bjóða nemendum í unglिंगadeild skólans að takast á við, sem valgrein, að útbúa skólablað.

Til verksins völdust 16 nemendur úr 8. - 10. bekk. Ég tók að mér verkstjórn og reyndi mitt ítrasta til að virkja nemendur í að koma með tillögur að efni og vinna það eins mikið sjálfstætt og þeir gátu. Að sjálfsögðu veitti ég alla þá hjálp sem þurfti.

Nemendur öfluðu upplýsinga og skráðu niður, tóku viðtöl, gerðu kannanir, bjuggu til efni, virkjuðu yngri bekkina og teiknuðu myndir sem skreyta flestar greinar blaðsins.

Þegar koma að því að prenta blaðið var leitað til ESKJU um stuðning. Eins og svo oft áður var erindinu vinsamlega tekið og okkur gert kleift að láta prenta blaðið af fagmennsku. Viljum við hér með þakka ESKJU vinsemd og stuðning við útgáfuna.

Við viljum einnig þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að tala við blaðamennina og greiða götur þeirra. Eflaust eru einhverjar villur í efninu og biðjum við alla að taka viljann fyrir verkið.

Vonandi njótið þið efnisins, sem er fjölbreytt og áhugavert.

Bestu kveðjur
Guðmann Þorvaldsson



Vinnuhópur blaðsins.

Þeir sem komu að vinnu við gerð skólablaðsins voru þau Anton Berg Sævarsson, Arngrímur Ari Sævarsson, Einar Andri Bergmannsson, Heba Líf Hilmisdóttir, Hildur Bára F. Haraldsdóttir, Kristján Guðni Sævarsson, María Nicole Lecka, Markús Andri Oyola Stefánsson, Páll Helgi Garðarsson, Sigurður Kári Valgeirsson, Sveinn Sigurbjarnarson, Sören Kristinsson, Tómas Atli Björgvinsson, Vilhjálmur Árni Ragnarsson, Vöggur Jensson og Ylfa Dröfn Pétursdóttir

Yfirheyrslan - Eyja Dögg

Var mikið um bíla á Eskifirði?

Nei, þeir voru nú ekki margir.

Hvenær fæddistú og hvar?

Á Eskifirði í febrúar 1956.

Manstu eftir því þegar Syneta sökk?

Já, ég man alveg eftir því.

Hvar varstu þá?

Ég var að fara í jólaboð.

Hvar lékstu þér og við hvað?

Ég lék mér í fjörunni, upp í fjalli og við húsin.

Hvenær byrjaðirðu að vinna?

Þegar ég var 13 ára.

Hvernig var daglegt líf í æsku?

Var úti að leika mér og var frjáls.

Ekkert sjónvarp, tölvur, símar eða ípad.

Hvað gerðu þið þegar þú varst unglingur?

Mældum göturnar og vorum í íþróttum.

Hver var besti vinur þinn?

Hún heitir Idda.

Var mikið úrval af mat ?

Bara venjulegur matur. Fiskur, kjöt og fleira.

Var mikið úrval af störfum?

Nei. Ég var mest í fiski, búð og iðnað.



Tölvuleikir

Það eru til allskonar tölvuleikir t.d. íþróttaleikir, skotleikir og fullt að öðrum leikjum. Í íþróttaleikjum eru t.d. Fifa 19. Í skotleikjum eru t.d. Call of Duty, Fortnite, H1Z1 og PUBG.

Fortnite: Battle Royale er einn vinsælasti tölvuleikur heims. Hann er bannaður innan 12 ára en er samt mjög vinsæll hjá krökkum, bæði stráku og stelpum. 100 leikmönnum er kastað út úr flugvél og lenda á lítilli eyju. Þeir hlaupa þar um og finna alls konar skotvopn og tæki sem hjálpa þeim að berjast á móti öllum hinum.

Palli: „ Loksins á ég nógan pening til að kaup mér nýjan tölvuleik.“

Kristján: „ Hvernig fékkstu nóg af peningum til þess?“

Palli: „ Það var ekkert mál. Ég seldi bara tölvuna mína.“



Páll Leifsson

Hvað heitir þú?

Ég heiti Páll Steinar Leifsson

Hvað ert þú gamall?

Ég er 74 ára

Hvað gerir þú?

Bara allt sem mig langar til að gera. Ég er hættur að vinna og er bara í hinu og þessu. Fylgist alltaf með fuglum og bara nýt þess að vera út í náttúrunni.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Bara öll útivist og vera með skemmtilegu fólki.

Núna ert þú mikill veiðimaður. Hvað finnst þér skemmtilegast að veiða?

Allt sem er erfiðast að veiða. Ég hef gaman af því að fara á hreindýr, skreppa á rjúpu, veiða endur og svolleiðis.

Hefur þú einhvern tímann lent í lífsháska?

Nei, ekki sem ég hef álitid vera lífsháski. Nema einu sinni þegar ég var á Jóni Kjartanssyni. Þá lagðist hann á hliðina. Svo einu sinni vorum við á selveiðum vestur í Breiðafirði, með fullan bátinn af sel. Við höfðum ekki upp í strauminn og bátinn rak utan í sker. En það var engin hætta á ferðum.

Hver er svo uppáhalds fuglinn þinn?

Ætli það sé ekki rjúpan og æðarfuglinn. Annars held ég upp á alla fugla. Mér er ekkert sérstaklega vel við hrafninn og svartbakinn.

Er eitthvað sem þig langar til þess að segja að lokum?

Ég er mjög þakklátur fyrir það að eiga mjög marga vini og enga óvini. Það er gaman að vera með Sævari á Mjóeyrinni og vinna með honum.

Ég þakka Páli fyrir viðtalið og vonandi lendir hann í fullt af fleiri ævintýrum.



Framtíðarbílar – spá okkar

Framtíðarbílar munu þróast og knúast á öðru en bensíni, líklegast vetni. Þeir munu örugglega vera með sjálfstýrisstillingu og líta öðruvísi út en núna.

Þeir verða gerðir úr öðruvísi tegund af efni. Það gerir það mögulegt að þeir geti einhvern tímann svifið. Efnið sem þeir verða gerðir úr, verður léttara en í dag. Þyngdin á málminum í dag er allt of mikil fyrir bíla til að geta svifið. Þeir munu líka fara miklu hraðar.

Líklegt eftir svona 10 - 20 ár verða bílar með öðruvísi dekk. Það er talað um að þeir muni hafa einhvers konar kringlótt málmdekk, sem gerir þá hraðari, en örugglega bara gerð fyrir sportbíla og nokkra aðra bíla, vegna þess að svona dekki geta auðveldlega eyðilagst út af mölinni á vegunum.

Það er talað um að það verði mjög sterkir seglar sem geta látið bílana svifið. Þeir geta skipt um gíra sjálfkrafa. Hægt verði að stýra með hugaraflinu og hringja úr bílunum án þess að hafa síma. Það verður stjórnað með tali eða hugsunum og þú segir hvert þú vilt fara.



Björgunarsveitir - viðtal við Bergmann

Hversu mörg útköll koma á ári hverju?

Hjá Neyðarlínunni koma yfir 1000.000 beiðnir á hverju ári.

Hvað eru margir björgunarsveitarmenn á Eskifirði?

Það eru yfir 26 virkir félagar í sveitinni.

Hvenær var félagið stofnað ?

Það var 1937 og hét sama nafni og í dag.

Hvað eru margar sveitir á landinu?

Það er yfir 57 sveitir í allt.

Hvernig er að vera björgunarsveitarmaður?

Það getur bæði verið erfitt og gaman.

Eru mörg björgunartæki á Austurlandi?

Það eru 30 - 50 tæki t.d. jeppar, bátar, snjósleðar, fjórhjól og björgunarsjópota.

Eru margar stóræfingar á ári?

Það eru 2 hér á Austurlandi en líklega 8 á öllu landinu.

Hvernig eru þessar stóræfingar?

Það eru t.d. rútuslysæfingar, bátæfingar, flugslysæfingar og snjóflóðaæfingar.

Eru mörg björgunartæki á Eskifirði?

Það eru tveir bílar og tveir bátar.

Eru margar unglिंगadeildir á landinu öllu?

Þær eru í kring um 20 - 25 á öllu landinu.

Eru þið með góða aðstöðu hér á Eskifirði?

Já, en gætum verið með betri.



Þekkt söngvísa á ensku

Bláðið prófaði að þýða þekktar vísur yfir á ensku.

Vefþýðandinn Google Translate var notaður til þess.

Þetta var árangurinn. Þekkir þú vísunar og kanntu lögin?



I long for a light grove.

She plays guitar every single moment.

In sorrow and joy, she plays her song.

Even summer that winter,

even night as a day.

Earlier it was often a good idea,

guys played together,

there was a long laugh,

get to lots of fun.

Out of the class there were

some strange stories,

when gathered were were

summer night beautiful.

Maðurinn: „Hvað myndir þú gera ef ég ynni í lottóinu?“

Konan: „Nú, ég myndi taka helminginn og flytja út!“

Maðurinn: „Flott! Ég var að vinna 1.200 kall. Hér er 600 kall. Bless, bless!“



RANDULFFSSJÓHÚS – unnið úr upplýsingum Geirs Hólm

Um 1870 ákváðu norskir síldveiðimenn að fara til Íslands og kanna veiðiskap þar. Þá kunnu Íslendingar ekki að veiða síldina, þó nóg væri til af henni. Með þeim fyrstu sem komu til Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, voru Peter Randulff, sem settist að á Hrúteyri við Reyðarfjörð og J.E. Lehmkuhl sem byggði upp veiðistöð sína á Eskifirði, þar sem Jóhann Klausen byggði Netaverkstæðið árið 1960. Norðmaðurinn Fredrik Klausen sá um síldveiðarnar fyrir Lehmkuhl og flutti til Eskifjarðar með sína fjölskyldu. Þegar Peter Randulff byggði Randulffssjóhúsið á Eskifirði árið 1890, tók Þorgeir, sonur Fredriks Klausen, við stjórn á síldveiðunum á nýju stöðinni. Þorgeir Klausen kvæntist dóttur Randulffs og þegar Randulff dó árið 1911 munu Þorgeir og bróðir hans Friðrik hafa eignast sjóhúsið, sem alltaf hefur verið kallað Randulffs-sjóhús. Þeir bræður stunduðu síldveiðar en einnig veiddu þeir þorsk sem var saltaður og þurrkaður. Eftir að þeir bræður Þorgeir og Friðrik féllu frá, eignuðust börn þeirra húsið og var það í umsjá Thors Klausen, sem var sonur Friðriks. Thor var mikill veiðimaður og veiddi bæði síld og þorsk og líka veiddi hann seil og hnísur og sjófugla á vetrum og notaði hann þá alltaf lítinn róðrabát. Síðari árin stundaði hann kolaveiðar í net á litlum trillubát og gaf hann Sjóminjasafni Austurlands báða þessa báta. Safnið keypti helming sjóhússins og bryggjunnar, árið 1982 og nokkrum árum síðar gaf Thor safninu sinn hluta eignarinnar. Safnið hefur endurbætt húsið og bryggjuna, þannig að það er að mestu leiti eins og það var upphaflega. Árið 2008 tóku þau Berglind og Sævar við rekstri hússins að beiðni safnastjóra. Síðan hafa þau rekið þar veitingastað og bátaleigu á sumrin, auk þess að fylgjast með húsinu og sjá um að því sé viðhaldið. Nú er Randulffssjóhús opið alla daga sumarsins, þar sem hægt er að fá veitingar yfir daginn og eins er hægt að panta fyrir hópa á öðrum tímum. Mikil áhersla er lögð á að framreiða ferskan mat úr nágrenninu.



Martröð – hrollvekjandi spennusaga

Ég lít í kringum mig og sé að herbergið mitt er í rúst. Allt dótið mitt er á gólfinu, allt úr skúffunum mínum, allt á borðinu mínu, allt út um allt. Ég sé að glugginn er opinn. Einhver hefur brotist inn og verið að leita að einhverju. En hverju?



Ég kíkí út um gluggann og sé eitthvað, skrítið? Það eru margir skínandi bláir steinar, sem liggja í röð á jörðinni, eins og þeir eru að vísa einhverjum leið. Ég ákveð að elta þá, klæði mig í föt og fylgi steinaröðinni. Þeir vísa mér út í skóg. Ég held áfram að ganga og bíð eftir að eitthvað gerist. Þegar ég er búinn að ganga í smá tíma, heyri ég eitthvað eins og dýraöskur? Ég er að fara að snúa mér við en þá heyri ég eitthvað hlaupa að mér. Ég hleyp á harða spretti í öfuga átt frá hljóðinu. Ég beygi fram hjá trjám og steinum og reyni allt til að losa mig við þetta skrímli. Ég heyri það koma nær og nær. Ég finn fyrir klóm sem toga í peysuna mína og ég dett aftur fyrir mig.... Ég hrekk upp. Ó, guði sé lof. Þetta var bara draumur. En svo finn ég að versta martröðin mín er að rétt að byrja.... *Skólinn í dag.*

Sjálfsmyndir eftir 1. bekkinga



Pola



María



Angela



Brynhildur




Lilja




Ýmir



Nanna



Bentína




Irena



Aron




Ellý



Hjálmar

Fróðleikur um Eskifjörð

Unnið af <http://eskifjordur.is/>



- 1627 Tyrkir reyna að komast inn Reyðarfjörð án árangurs.
- 1786 Eskifjörður fær kaupstaðarréttindi 18. ágúst.
- 1786 Síðasta aftakan á Austfjörðum, framkvæmd á Mjóeyri.
- 1802 Kjartan Þorláksson Ísfjörð, fyrsti íslenski kaupmaðurinn hefur verslun.
- 1834 Hið austfirski lestrarfélag stofnað á Eskifirði.
- 1837 Jensenshúsið reist
- 1875 Kvennaskóli stofnaður, næst fyrsti skóli sinnar tegundar á Íslandi.
- 1876 Fyrsta fimleikafélag Íslands stofnað á Eskifirði.
- 1900 Þjóðkirkjusöfnuður reisir kirkju.
- 1902 228 íbúar á Eskifirði.
- 1906 Eskifjörður verður sjálfstætt sveitarfélag.
- 1907 Fyrsta steinsteypuhúsið reist, Olúhúsið við Grjótá.
- 1910 Nýr barnaskóli reistur.
- 1911 Vatnsaflstöð (rafstöð) byggð.
- 1926 Fyrsta verkfall á Eskifirði.
- 1927 Bíll sést í fyrsta sinn á götum Eskifjarðar.
- 1930 Fyrsta útvarpsviðtækið sett upp.
- 1947 Vinnsla hefst í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar.
- 1957 Félagsheimili Valhöll vígt.
- 1963 Sundlaug Eskifjarðar tekur til starfa.
- 1971 Íþróttahús byggt yfir sundlaugina.
- 1977 Oddskarðsgöngin tekin í notkun.
- 1989 Dvalarheimilið Hulduhlíð tekur til starfa.
- 1998 Eskifjörður, Reyðarfjörður og Neskaupstaður sameinast.
- 2005 Hitaveita komin í flest hús. Fyrsta skóflustungan fyrir nýrri sundlaug.



Dýrastaðreyndir.

Kettir og hundar eru bæði örvhentir og réttthentir eins og mennirnir.
Hákarlinn er eina fiskitegundin sem getur samtímis blikkað báðum augum.
Krókódílar geta ekki rekið tunguna út úr munninum.
Álftir eru með meira en 25.000 fjaðrir.
Humrar geta orðið allt að 150 ára gamlir.
Það er næstum 60 milljónir hunda í Bandaríkjunum.
Tígrið sjá sex sinnum betur í myrkri en menn.
Snákar blikka ekki augunum.
Maurar sofa ekki og eru ekki einu sinni með lungu.
Gíraffar eru ekki með raddbönd.



Sjonnir húsörður spurður spörunum úr

Hvað ertu gamall?

Ég er 59 ára.

Hvenær byrjaði þú að vinna í skólanum?

Ég byrjaði í ágúst 2001.

Hefurðu kennt og hvernig gekk það?

Ég hef aldrei kennt.

Af hverju viltu vera húsörður í grunnskóla?

Ég var að leita mér að vinnu og var kominn í skólann til að sækja um vinnu en það voru lág laun. Nokkrum dögum eftir það fékk ég símtal frá skólastjóranum (Hilmari Sigurjóns á þessum tíma) og við töluðum saman um þetta og þá fékk ég vinnu sem húsörður.

Veistu hversu mörgum sinnum Manchester City hefur tapað á móti Liverpool síðustu 5 árin?

Bara einu sinni.

Veistu eitthvað um tölvur?


Nei, ég veit lítið um þær.

Hver er uppáhalds tíminn þinn á árinu?

Sumarfríð.

Hvenær ertu glaðastur?

Þegar Manchester City vinnur leik.



Völvuleiði á Hólmahálsi

Uppi á Hólmahálsi er steinn, sem kallaður er Hvíldarsteinn.

Þar hjá var vegurinn frá Eskifirði til Reyðarfjarðar. Hjá steininum er grasblettur er nefnist Völvuleiði og ofan á honum varða sem á að sýna hvar leiðið er.

Völvan bjó á Sómastöðum í Reyðarfirði, aðrir segja á

Valahjalla ofan og utan við Karlsskála. Áður en hún dó, lagði hún svo fyrir, að það ætti að grafa hana þar sem hún gæti séð bæði yfir Reyðarfjörð og Eskifjörð. Hún lagði á að aldrei yrðu bæirnir báðum megin rændir meðan nokkurt bein væri óbrotið í sér.

Þegar tyrkneskir sjóræningjar komu að Austfjörðum, þá ætluð þeir að ræna Hólmakirkju og kaupstaðinn að Breiðuvíkurstekk en það tókst ekki því það skall á blindpoka og óveður þannig þeir þurftu að snúa frá.

Í seinni heimstyrjöldinni kom svo herflugvél að Reyðarfirði og skall þá á svarta poka og hún brotlenti á Valahjalla, utan við Karlsskála, þar sem talið er að völvan hafi búið.

En völvuleiðið í dag er flottur ferðamannastaður og er áhugavert að skoða leiðið og henda smápeningum niður á milli steinanna til að þakka henni fyrir að hugsa svona vel um bæina.



Spá spekinganna um enska boltann fyrir jól



Hulda Fossberg

1. Liverpool
2. Manchester City
3. Tottenham
4. Arsenal
5. Chelsea
6. Leicester
7. Manchester Utd
8. Everton
9. West Ham
10. Burnley

Inga 8. bekk

1. Liverpool
2. West Ham
3. Manchester Utd
4. Everton
5. Chelsea
6. Arsenal
7. Tottenham
8. Leicester
9. Burnley
10. West ham

Daníel Cekic 9. bekk

1. Manchester City
2. Liverpool
3. Tottenham
4. Chelsea
5. Watford
6. West Ham
7. Manchester Utd
8. Everton
9. Crystal Palace
10. Fulham

Birgir skólastjóri

1. Manchester City
2. Liverpool
3. Chelsea
4. Arsenal
5. Tottenham
6. Wolves
7. Leicester
8. West Ham
9. Everton
10. Watford

Sjonnir húsvörður

1. Manchester City
2. Liverpool
3. Chelsea
4. Tottenham
5. Arsenal
6. Everton
7. Leicester
8. Wolves
9. Man Utd
10. West Ham

Úlfar 10. bekk

1. West ham
2. Everton
3. Fulham
4. Watford
5. Burnley
6. Southampton
7. Cardiff City
8. Huddersfield
9. Liverpool
10. Man City

Ragnar Valgeir Jónsson – spurningar og könnun

1. Hvað heitir björgunarsveitabáturinn á Eskifirði? - **Alfreð Guðnason**
2. Hvað heitir unglíngadeildin í björgunarsveitinni? - **Særún**
3. Hvað búa sirka margir á Eskifirði? - **Um 1000**
4. Í hvaða húsi er félagsmiðstöðin á Eskifirði? - **Í Valhöll**

1. Finnst þér gaman vinna í skólanum?

Já. Sérstaklega þegar ég byrjaði að kenna smíðar.

2. Hvað ertu búinn að vinna lengi í skólanum?

Ég er búinn að vinna þar í 18 ár.


3. Ætlaðir þú alltaf að verða kennari?

Nei. Ég ætlaði bara vinna einn vetur á meðan ég fyndi mér aðra vinnu.

Ég er enn að leita :)

4. Heldur þú að þú verðir hér eftir 10 ár?

Nei, ég vona ekki. Langar að prufa eitthvað annað.



Fyrsti Eskfirðingurinn – úr Landnámubók



Brynjólfr kom skipi sínu í Eskifjörð ok nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan, ok svá Völluna út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum ok mágum. Hann átti þá tíu börn, en síðan fekk hann Helgu, er átt hafði Herjólfur, bróðir hans, ok áttu þau þrjú börn.

Þetta sannar að Brynjólfur gamli var landnámsmaður á Eskifirði, þó hann hafi ekki búið þar lengi. Líklega var hann farinn frá Eskifirði eftir eitt ár.

Bátar á Eskifirði


Það eru 4 stór skip á Eskifirði.

Þau eru Aðalsteinn Jónsson, Jón Kjartansson gamli, Jón Kjartansson nýi og svo Guðrún Þorkeldsdóttir.

Jón Kjartansson gamli var smíðaður í Svíþjóð og Danmörku, árið 1978. Guðrún Þorkeldsdóttir er smíðuð


árið 1999 í Karmasund, Mariteime í Noregi. Jón Kjartansson var smíðaður hjá Flekkefjord Slipp & Maskinfabrick í Noregi árið 2003.

Á Eskifirði eru líka vélbátar í öllum stærðum. Það eru stórir og smáir bátar eins og sjá má í smábátahöfninni og svo eru litlar gúmmítuðrur með utanborðsmótora. Það má segja að það séu margir bátar á Eskifirði.



Allra besta hráfæðikakan fyrir 4 til 6

150g	Möndlur	$\frac{2}{3}$ dl	Kókosflögur
20 stk	Döðlur, steinlausar	2 msk	Kakó
2 msk	Kókosolía	150g	Dökkt súkkulaði
1 tsk	Vanilludropar		Hnífsoddur af salti
3 msk	Sterkt kaffi		



1. Byrjið á að rista möndlur í 225°C heitum ofni í um 10 mínútur og hrærið af og til í blöndunni. Takið út og kælið.
2. Setjið döðlur, kókosolíu, kaffi, kakó, kókosflögur, salt og vanilludropa saman í matvinnsluvél og blandið saman. Grófsaxið möndlurnar og bætið þeim við.
3. Mótið kökuna á kökudiski.
4. Bræðið súkkulaðið og hellið yfir kökuna. Þá er kakan tilbúin. Njótið vel!

Stuttsögur úr 3.bekk.

Lífið mitt

Ég heiti Matthildur og ég bjó í Reykjavík og ég var alltaf viku og viku hjá pabba og mömmu en einn daginn flutti ég til Eskifjarðar og ég er búinn að kynnast mjög marga vini en stundum sakna ég pabba mínsen það er mjög gaman hér.

Matthildur.

Ég heiti Elísa og ég á heima í Dalbarð. Ég er 8 ára. Ég hlakka svo til jóla og sjá jólasveinana og jólablaðið.

Elísa Björg

Ég elska að spila Fortnite. Ég er góður að spila Fortnite. Ég á vin í Fortnite. Það er Nicolas.

Tumi

Einu sinni voru Klara og hundurinn Yrja. Það voru að koma jól. Ég og hundurinn minn erum oft að slást.

Klara.

Ég var að hjóla á götunni og það kom bíll og keyrði á mig. Ég datt á götuna og meiddi mig en ég dó ekki.

Hafsteinn.

Í skólanum er ég að gera margt skemmtilegt eins og að syngja, dansa og vera í íþróttum og sundi. Í frímínútum fer ég oft í fótbolta. Það er gaman að leika við krakkana og það er líka gaman að leika við hundinn minn sem heitir Dimma.

Zuzanna.

Ég er að spila Fortnite og ég elska hann. Mér finnst gaman að vera með vinum mínum í leiknum.

Andri.

Einu sinni var bóndi sem er klickaður og sem er að skjóta með svínafallbyssu.

Hrafnkell Elí

Einu sinni var köttur og mús.

Þau voru ekki vinir, en svo byrjaði kötturinn að elta músina. En músin gaf köttinum ost og þau urðu bestu vinir.

Rósa.

Einu sinni var kall og annar kall, sem skjótaði hinn kallinn.

Nonni (Jón Leví)

Ég var að fá hvolp, hún heitir Freyja. Hún er þriggja mánaða. Hún er skemmtileg. En samt bítur hún stundum. Samt elskum við hana.

María.

Þrumurnar og veislan.

Einu sinni var stúlka sem átti heima í bæ sem hefur aldrei komið þrumur, rigning, snjór. Það kom bara sól. Einn daginn fór stúlkan sem hét Sólrún út, Sólrún sá að það var ekki sól heldur þrumur. Hún var hrædd, hún hljóp inn til mömmu. Mamma hrópaði "Sólrún", það er eitvað að gerast úti. "Hooo" sagði mamma. Mamma brosti : þetta eru þrumur, nú höldum við veislu. Og þau héldu veislu.

Hekla.

Hundur og Óli fóru út að labba út í búðina.



Þórir.

Ég elska að fara á Akureyri í Lindex og Toisuros og skemmta mér en bróðir minn er alltaf í ipadinum sínum.

Ásta Laufey.

Einu sinni var banani og við fórum að leika okkur og það var gaman. Við fórum í snúsnútækið og rennibrautina. Svo sáum við rísa mynd. Það var bananamynd og það stóð Búri. Við vorum hissa og löbbum heim svo datt ég stuttu leiðinna í drullupoll og svo hlæjuðu við báðir. Svo fórum við inn og lékum okkur í litlu rennibrautinni.

Búri.



Gamli skólinn - viðtal við Maríu Hákonardóttur

Hvenær á að byrja að laga gamla skólann?

Það er byrjað að smíða gluggana.

Hvenær á gamli skólinn að vera tilbúinn?

Það er ekki kominn tímasetning. Það fer eftir fjármagni.

Hvað á að nota í gamla skólann?

Það er ekki kominn ákvörðun um það. Kannski tengt menningarstarfi.

Hverjir eru að byggja gamla skólann?

Minjavernd hefur umsjón með verkinu.

Hvenær var gamli skólinn byggður?

Hann var byggður 1910.

Hverju á að breyta?

Það á að breyta flestu til að fá hann eins og hann var.

Varstu í gamla skólanum?

Já, ég var þar.


Af hverju á að breyta gamla skólanum?

Bæjarbúar eru áhugasamir að láta laga hann.

Þetta er flott bygging á flottum stað.

Var skólinn notaður í eitthvað annað í gamla daga?

Hann var notaður eins og Valhöll og íþróttahús áður en það kom.



Stuttsögur úr 3.bekk.

Tveir karlar að skjóta hvorn annan með byssur. Blái kallinn vann en svo kom riddarinn sem bregði rauða kallinum. Riddarinn setti skjöld rísa, rísa stóran skjöld. Riddarinn drap næstum því bláa kallinn. Svo kom

nýr kall sem hjálpaði bláa kallinum.

Róbert.

Einu sinni var pabbi að fara með Teodór og Teodór var mjög spenntur og ég kom með.

Sigurpór.

Þegar er að vera á Spáni.


Það er rússíbani, það er vatnsgarður.

Þar eru þjófar og mjög mikið meira.

Þú færð að gista á hóteli.

Þú leikur í sjónum.

Margeir.



Ég er Heiðar, ég er bangsinn. Tumi er hákarlinn. Nicolas er ísmaðurinn. Andri er Amerika bangsinn. Magnús er panda. Við erum Fortnite-Tím.

Heiðar.


Halló þetta er ég Nicolas, ég er að spila Fortnite og það er Þenosmót og ég er að spila. Ég er að vinna koperfan og vann victory roal og vann þenos.

Nicolas.


Hundur.

Einu sinni var ég og hundurinn minn að leik með bolta og svo fór ég inn, og svo fór hundurinn að leika við bróðir minn og ég mátti ekki vera með og mig langaði að vera með og svo var ég leiður svo leyfði hann mér að vera með.

Magnús.



Viðtal við Bubba Morthens



Hvað ertu gamall?

Ég er 62 ára.

Hvers saknarðu mest við Eskifjörð?

Kunningjanna. En þeir fluttu samt flestallir suður. Raggi Óla, Benni og Haukur.

En ég sakna líka lyktarinnar af fiskinum, mjölinu og þanginu.

Það var gott að finna þessa lykt þegar maður vaknaði á morgnana.

Hvað hefurðu búið til mörg lög og hvað er þitt uppáhalds lagið þitt?

Lögin mín eru að nálgast 800.

Platan Túngummál er uppáhaldið, því það er nýjasta platan mín.

Hvað áttu mörg börn?

Ég á 6 börn.

Hvað áttir þú heima lengi á Eskifirði?

Ég var á Eskifirði, ætli það hafi ekki verið allt í allt í svona 2 ár.

Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir í tónlist?

Ég er búinn að vera í tónlist síðan ég var lítið barn.

Ég byrjaði að spila á gítar 8 ára.



Hvaða tónlistarmanns líturðu mest upp til?

Vá! Þeir eru svo margir. Bítlarnir eru upphafið og Leonard Cohen, Bruce Springsteen, Drape, Lady Gaga og Ed Sheeran og fullt fleira.

Hver er besta plata allra tíma að þínu mati?

Ég held að hún sé ekki til

Fiskur eða kjöt?

Mér finnst þetta jafn gott. Mér finnst fiskur geggjaður og kjöt líka æðislegt.

Og mér finnst grænmeti alveg geggjað.

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?

Það fyrsta sem ég geri, þegar ég vakna?

Ég fæ mér tvöfaldan expresso og kveiki á gufubaðinu.

Hvert er lífsmottó þitt?

Draga andann djúpt.



Við þökkum Bubba fyrir samtalið. Hann bað að heilsa öllum á Eskifirði.

Áhugaverðar staðreyndir

Fyrstu appelsínurnar sem komu frá SA - Asíu voru grænar.

Í Skotlandi eru til 421 orð yfir snjó.

Skelin á beltisdýri er skotheld.

Kolkrabbar verpa 5600 eggjum á sama tíma.

Kettir eru með færri tær á afturfótunum.

Steypireiður borðar hálf milljón kaloría í einni munnfylli.


Litlu vasarnir á gallabuxum voru gerðir til að geyma vasaúr.

Bara einn þriðji af Sahara eyðimörkinni er sandur, restinn er möl.

Fyrsta fimleikafélagið á Íslandi var stofnað á Eskifirði.



Hvað veist þú um Eskifjörð?



LÁRÉTT

2. Björgunarsveitin
3. Vatnið fyrir neðan gamla skólann
4. Póstnúmer Eskifjarðar
5. Matvörubúðin á Eskifirði
6. Gatan sem liggur í gegnum Eskifjörð
7. Sjoppan á Eskifirði
11. Verksmiðjan milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar
13. Kóngur Eskifjarðar ☺☺☺☺
14. Félagsmiðstöð ungmenna á Eskifirði
16. Fyrsti Eskifirðingurinn
17. Fjall við Eskifjörð


**Af hverju klifraði Guðmann yfir glervegginn?
Til að gá hvað væri hinum megin.**

LÓÐRÉTT


1. Ákveðinn grasblettur
2. Skólastjóri í grunnskólanum
3. Vatnið fyrir neðan gamla skólann
8. Stærsti bátur Eskifjarðar (fyrra nafnið)
9. Skíðasvæðið
10. Prestur Eskifjarðar
12. Eyri utan við Eskifjörð
15. Fótboltamaður sem bjó til hljómdisk



Hamingjumerki eftir 4. bekkinga




Selma



Arnar




Margeir



Grúbrandur



Katrín




Nanna




Birkir




Salome



Iman 'Osk




Eyja




Haukur



Bjarki




Oliver



Gunnhildur



'Asdís Ollý



Gísli




Victoria



Karítas

Sveinn matreiðslumeistari skólans



Hvað ertu búin að vera að elda fyrir skólana í mörg ár?

Ég er búin að elda fyrir þá í 12 ár.

Hvað ertu að elda fyrir marga skóla?

Ég elda fyrir þrjá. Norðfjarðarskóla, Reyðarfjarðarskóla og Eskifjarðarskóla.

Ertu lærður kokkur?

Já, ég er lærður kokkur.

Hvaðan ertu?

Ég er frá Norðfirði.

Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?

Það er soðinn ýsa.

Af hverju ákvaðst þú að gera elda fyrir grunnskólana?

Það bara ætlaðist þannig. Það vantaði fólk í það.

Hvað ertu gamall?


Ég er 57 ára gamall.

Áttu stóra fjölskyldu?

Já, hún er nokkuð stór.

Áttu gæludýr?

Já, ég á gæludýr.



Veturhús

Veturhús voru staðsett um 2 km fyrir innan Eskifjarðarhúsið inn í dal. Húsin voru rétt fyrir innan Þverá. Húsið var byggt árið 1881. Þar bjuggu, með sínu fólki, Pétur Bjarnarsson, síðar Páll Þorláksson og síðast Páll Pálsson. Húsið fór í eyði 1945. Þá var allt timbrið tekið úr húsinu, líka þakið, þannig að aðeins voru eftir steiptir útveggirnir. Þeir hrundu einu ári síðar í ofsaveðri.

Nálægt Veturhúsunum, í fjöllum fyrir ofan, gerðist stór atburður á sínum tíma. Þar var mesti mannskaði sem varð fyrir breska herliðið á Íslandi í seinni heimsstyrjöldinni. En fólk á Veturhúsum bjargaði fullt af mönnum og voru algjörar hetjur. Þetta gerðist 20. janúar 1942.

Í dag ef maður ætlar að keyra upp á Eskifjarðarheiðina, þá sér maður þetta bara í rústum og allir útveggir brotnir. Það hefði verið gaman að sjá hvernig bærinn leit út en menn vita ekki um neinar myndir af honum.


Spurningakeppni 1. – 10. bekkjar

Lagðar voru sömu 9 spurningarnar fyrir einn krakka úr hverjum bekk. Svona gekk þeim. Spurningarnar áttu að passa fyrir alla aldurshópana.



1. bekkur	0 rétt svar	2. bekkur	2 rétt svör	3. bekkur	0 rétt svar
4. bekkur	3 rétt svör	5. bekkur	3 rétt svör	6. bekkur	4 rétt svör
7. bekkur	8 rétt svör	8. bekkur	7 rétt svör	9. bekkur	7 rétt svör
10. bekkur	8 rétt svör	Skólastjórinn svaraði 8 spurningum rétt.			

SJÓSPORT siglingarklúbbur



Sjósport er siglingaklúbbur á Eskifirði.

Það eru um það bil 70 félagar í Sjósport klúbbnum.

Þar er hægt að gera ýmislegt sem tengist siglingum.

Þar er hægt að fara á kajaka eða seglbáta, allt árið.

Það kostar bara 5000 krónur á árið fyrir alla fjölskylduna.

Hjá Sjóporti er fullt af bátum og leiktækjum. Þar eru 2 gúmmibátar, einn 40 hestafla og einn 6 hestafla. Það eru 7 kajakar og meiri en 15 seglbátar, bæði stórir og litlir. "Siglingaklúbbur Austurlands" er með siglinganámskeið einu sinni í viku, í nokkra mánuði á sumrin. Það er hægt að fá alls konar galla og hluti ef þú vilt hoppa í sjóinn.

Einn af aðalmönnum bak við þetta allt er Kristinn Þór Jónasson.

Sjósport er þar sem síldarsöltunarstöð Sæbergs var, úti í bæ.

Allir eru hvattir til að kynna sér starfið og ganga í þennan frábæra klúbb.

10 örnefni við Eskifjörð

Hólmatindur er stórt fjall sunnan við Eskifjörð.

Svartafjall er hátt fjall á milli Norðfjarðar og Eskifjarðar.

Mjóeyri er eyri yst í bænum. Þar er ferðamannaþjónusta.

Hólmaborg er falleg klettaborg sem fólk fer oft í göngu hjá.

Grjótá er stór á utan við Bleiksárhlið.

Helgustaðanáman er fræg silfurbergsnáma.

Oddskarð er skíðasvæðið sem Fjarðabyggð notar.

Harðskafi er fjall en líka nafn á spennubók.

Lambeyrará er á í miðjum bænum.

Bleiksá er við hliðina á kirkjunni. Þar er mjög flottur foss.

Kolabotnar er svæði fyrir ofan bæinn. Þar var hengdur upp fiskur.

Sudocu – vítamín fyrir heilann

	1	4	2	5	
5					6
		3	1		
7	5			4	8
2	8			5	9
		9	6		
6					2
	7	1	3	4	

5	3		7			
6		1	9	5		
	9	8			6	
8			6		3	
4		8	3		1	
7			2		6	
	6			2	8	
		4	1	9	5	
			8		7	9

Ljóð frá 2. bekk

Jól

Ég elska
snjó.
Því þá koma
jól.
(Svala Rós).



Elmar og Rúnar

Bí, bí og blaka
bróðir minn er lítill.
Hann er á Selfossi
mig langar til hans.
(Elmar Leví).

PALS

Pals er gaman
Við lesum saman.
Segjum hljóð
Við erum góð.
(Daniel Twumasi).



Haust

Laufin detta af trjánum
og fjúka út á hafið.
Sjórinn er hvass og
laufin
fjúka á land.
(Tómas Steinn).

Frímínútur

Ég
renni og róla.
Það
er gaman í skóla.
(Brynja Guðbjörg).

Bróðir minn

Bróðir minn er lítill
en er samt klár ó, ó,
ó,ó.
Ég fékk nýja skó
hann fór í þá.
(Brynjar Þór).

Haust

Laufin falla út í bæ
falla á götu.
Síðan kemur maður
blæs þeim út á sjó.
(Guðmundur Þormar).

Hús

Afi minn og amma mín
mála skrýtin hús.
Grá,blá,gul og
svört og hvít.
(Maximus Andreas).



Stórfiskaleikur

Ég elska stórfiskaleik
við hlaupum.
Þegar ég heyri klapp
hleyp ég hratt.
(Ajnur Daði).

Axon

Api stekkur í rólu
rólar sér.
Fer svo inn í skóla
les svo um sjálfan sig.
(Axel Valdemar).

Hvolpasveit

Í hvolpasveit, þau eru
8.
Í hvolpasveit, þau
dugleg hjálpa.
Í hvolpasveit Köggur
mokar til
allra átta.
(Hjálmar Benedikt).




Einu sinni voru Birgir og Ásta úti í göngutúr.
Þá sagð Ásta: „Sjáðu dauða fuglinn þarna, Birgir.“
Birgir leit upp í himininn og spurði: „Hvar?“



Leikjabankinn

Við gerðumst svo djörf að fá að láni einn leik úr Leikjabankanum, sem hægt er að finna á Netinu. Leikjum í Leikjabankann er safnað af kennurum og kennaraefnum í sjálfboðavinnu. Umsjónar- og ábyrgðarmaður verkefnisins er Ingvar Sigurgeirsson. Takk fyrir lánið 😊



Jörð – Vatn – Loft – Eldur

Þátttakendur sitja í hring á gólfinu. Einn situr inni í hringnum og heldur á baunapoka. Hann kastar pokanum til einhvers í hringnum og segir: Jörð!, Vatn!, Loft!, eða Eldur! Ef hann segir Jörð! þarf sá sem grípur pokann að nefna eitthvert landdýr áður en sá sem situr í miðjunni nær að telja upp að tíu. Ef hann segir Vatn! á sá sem grípur að nefna einhvern fisk, ef hann segir Loft! þá skal nefna fugl og ef hann segir Eldur! þá á að flauta hljóð brunabíls.

Athugið að þegar ákveðið dýr hefur verið nefnt, þá má ekki nefna það aftur. Ef sá sem grípur nær ekki að nefna dýr innan tíu sekúnda á hann að skipta um hlutverk við þann sem situr í miðjunni og kasta pokanum.



Mínerva

Sum ykkar hafa máské heyrt Mínervu nefnda; svo hét mentagyðjan hjá Rómverjum. Margir hafa ort kvæði um Mínervu og sumir hafa líka látið heita í höfuðið á henni. Fyrsta blaðið, sem gefið hefir verið út af kvennmanni hér á landi, hét Minerva. Það var lítil stúlka austur á Eskifirði, sem gaf þetta blað út. Það byrjaði 1. okt. 1893, og var þá skrifuð örk og kom út tvisvar í mánuði, seinna var það ekki nema hálf örk. Í fyrra hætti það að koma út, því þá flutti útgefandinn hingað til Reykjavíkur.

Ykkur langar nú víst mikið til að vita, hver þessi útgefandi var. Hún heitir Guðrún Lárusdóttir, dóttir séra Lárusar Halldórssonar. Hún var svo ötul, að hún skrifaði 2 og 3 eintök af blaðinu, og efnið í það ýmist samdi hún eða þýddi. Blaðið var öllum, bæði börnum og fullorðnum, mjög kærkominn gestur.

Ungfreyja Guðrún Lárusdóttir hefir eftirlátið „Æskunni“ nokkrar sögur úr Mínervu, og hélt ég, að ykkur þætti enn meira gaman að þeim, þegar þið vissuð um ætt þeirra og uppruna, og svo hélt ég, að ykkur þætti gaman að því, að lítil stúlka skyldi vera svona dugleg.



Bjarna Dís



Bjarna Dís var vinnukona á Seyðisfirði á 18. öld, hún var fátæk vinnukona. Einn daginn fékk hún að fara að heimsækja móður sína á Eiða en ekki var mikið um að vinnukonur fengju að fara á aðra staði. Talið er þá að bóndinn hafi verið skotinn í vinnukonunni og kona hans Sunneva reyndi að vera mjög vond við hana af því hún sá hvað bóndinn hafði í huga. Bjarni, bróðir Dísu, var mjög pirraður morguninn sem þau ætluðu að leggja af stað vegna slæms veðurs. Það var stormur í aðsigi en þrjóska lét hann fara af stað og þrjóska þeirra beggja og lögðu þau af stað. Þegar þau voru komin lengra en hálf leið var

komið bandvitlaust veður og Dís orðin úrvinda af þreytu. Þá tók Bjarni upp á því að grafa hana í fönn og skilja varninginn frá Eskifirði eftir hjá henni á Fjarðarheiðinni. Hún grátbað hann að skilja sig ekki eftir hjá draugunum því á þessum tíma var mikið um hjátrú og myrkfælni. Að lokum slotaði veðrinu og þegar þeir komu að greninu sem Dís hafði verið í sá þeir að hún hefði farið a.m.k. þrisvar úr holunni. Það er talið að hún sé afturgengin og þeir gengu að henni dauðri með barsmíðum. Í dag er hægt að skoða vörðuna á Fjarðarheiðinni þar sem talið er að Bjarna Dís hefði látist og er það mjög flottur ferðamannastaður.

Eskifjörður

Texti: Árni Helgason

Lag: Þorvaldur Friðriksson

Fengið að láni af <http://eskifjordur.is>

Eskifjörður - æskubbyggðin mín
innst í sálu greipt er myndin þín
há þér fyrst ég ljóma dagsins leit
lifði í þínu skjóli og fjalla reit,
Drottinn blessi byggð og lýð –
blessi alla tíð.

Oft var keppt við lífsins hretin hörð
höpp og fár jafnt dynja um vora jörð
okkur gafst þú þrek og þrótt í raun
þannig unnust bestu sigurlaun,
Drottinn blessi byggð og lýð –
blessi alla tíð.



Sókn var glæst á fengsæl fiskimið
fiskimanna kjarngott ólst þú lið
öllum stundum áttir þú til sanns
ítök bónda sjó - og fiskimanns,
Drottinn blessi byggð og lýð –
blessi alla tíð.

Í dagsins önn og dásamlegt það er
að drottins auglit vakir yfir þér
til hans hafa þegnar þínir sótt
þrek og gleði bæði dag og nótt,
Drottinn blessi byggð og lýð –
blessi alla tíð.

Vaxi mannlíf enn með dug og dyggð
drúpi farsæld þér mín kæra byggð
megir þú í framtíð eignast enn
atorku og sanna kristna menn,
Drottinn blessi byggð og lýð –
blessi alla tíð.

Íþróttir á Eskifirði

Það er hægt að stunda alls konar íþróttir á Eskifirði. Margir eru í fótbolta, sumir í körfubolta, aðrir stunda sund. Það er hægt að æfa karate, skotfimi, jóga, fara í líkamsrækt. Það eru margir á skíðum, sumir eru í blaki og aðrir læra siglingar. Sumir æfa golf og fleira er örugglega í boði.




Orðarugl – Ávextir og grænmeti

A Á B A R A L N F S V G C B F S F N D Q
R Ú L L U P P Á M E T Í S P F E N E C P
E U A F F P A P M N T O N Í P R L U Í F
P B U E Í E A L R K I I B B T U J P I A
R A K T L L O Ó U R A L A T E R K A H Í
Á N U R Ó S P M T G U Q P J D R Ó O T D
L A R A S Í R A Í R I P P E V S Á N I M
G N L K E N E E B S I R E B R A Ð R A J
C I R A B A B A R U V O A T Ó R L U G É
A P U G T L Á K Ú C Í E Á Ó D A K A V A
B E T U L G L O K A K I R P A P C C S K
C R A I N B B M Q R Ó F A Ú Ó G N A M G
O A M A P R Í K Ó S A O B S A N A N A L
Q E Ó É C A J K S R E V S A L A I G A T
L S T A N Í R A D N A M F T K A K R Ú G

ANANAS
AVAKADÓ
EPLI
JARÐARBER
KÍVI
LIME
MANGÓ
PLÓMA
SVEPPIR
TÓMATUR

APPELSÍNA
BANANI
GULRÓT
KARTEFLA
KÚRBÍTUR
LÁRPERA
PAPRIKA
RABABARI
SVERSKJA
VÍNBER

APRÍKÓSA
BLÁBER
GÚRKA
KÁL
LAUKUR
MANDARÍNA
PERA
RÓFA
SÍTRÓNA
ÓLÍFUR



Hér eru nokkrar auglýsingar úr blaðinu „Skuld“ sem prentað var á Eskifirði. Þessar auglýsingar eru frá 1878 og eru því 140 ára gamlar. Það er fróðlegt að sjá hvað var verið að auglýsa þá.

Heimild: timarit.is

Til Vestrheims.

SVO ÓDÝRT FAR

hefir aldrei fengist
og fæst hvergi annarstaðar,
eins og núna hjá

ANCHOR LÍNUNNI,

og því setti hver sá, sem ætlar að
fara vestr á annað borð, að snúa
sér til mín sem fyrst, því að
þetta tækifæri
kemur ekki aftur.

NB. INNSKRIFTARGJALD
er helmingi lægra en
hjá Allan-línunni!

Fáið afgjört um farið helzt munnlega
fyrir lok þessa mánaðar!

Jón Ólafsson á Eskifirði,
[með löggiltu umbodi].

Tapað. Nóttina milli 14. og 15. þ. m.
hefir ferðamanni horfið úr fjósi Jóns Starlu-
sonar faktora á Eskifirði grár sloppur, hné-
slór, tvíhneptur, með klauf að aftan og upp-
slögum á ermum. — Hver sem finnr hann
eða veit til hans, er bedinn að halda honum
til skila til ritstj. „Skuldar.“

ERLENDR ERLENDSSON á Lambeyr-
Earhól við Eskifjörð hættir upp frá þessu
að veita ferðafólki hýsing eður beina, nema á
móti borgun. [50 Au.]

Fundizt hefir hér í kaupstaðnum
poki með Export-kaffi o. fl. í. Eig-
andi helgi sér og vitji á skrifstofu
„Skuldar“.

Flutti! Síðan 1. júlí er prent-
smiðja „Skuldar“ og heimili mitt
í húsum þeim, er sýslumaður Johnson
hefir hingað til í bóid, prentsmiðjan
í neðra húsinu (dyrnar vita að sjón-
um), en heimili mitt í efra húsinu (dyrn-
ar andspænis fanga-húsinu), og verður
mig þar venjulega heima að hitta.

Eskifirði, 6. júlí 1878

Jón Ólafsson.

Þeir mörgu, sem pantað hafa hjá
mér sjálfrunnið þorskalýsi, verða
að sækja það í þessum mánuði, þar
það annars verður selt.

Eskifirði, 7. júní 1878.

Jón Starlason.

LANDABRÉF

yfir allan heiminn með náttúrufrædis-
legum og þjóðfrædislegum myndum.
Verð 2 Kr.

— Þau hljúga út, svo þú færð ekk-
ert í haust, ef þú kaupir þau ekki
strax.

— Ég hef líka vasabækur fyrir 50 Au.

Jón Ólafsson
á Eskifirði.

Til sölu. — Bátur 5 ára gamall,
4 manna far, vandadr, með mústrum,
en lélegum seglum og árum, er til sölu
við saungjörnu verði; hann er til
sýnis á Eskifirði. Ritstjóri þessa blads
visar á seljanda. [50 Au.]

Til hamingju með skólabláðið ykkar.

Munið að gera alltaf ykkar

besta í lífi og starfi.

Þá verður framtíðin

björt og hamingjurík.



ESKJA